

- 127 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Landmannahrepps“, 25. sept. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. sept. 1946. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRA

fyrir Menningarsjóð Landmannahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Landmannahrepps og er starfssvið hans einungis Landmannahreppur í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 60000.00 — sextíu þúsund krónur — úr núverandi sveitar-sjóði Landmannahrepps. Er það svo tilkomið að hreppnum hlotnaðist kr. 25000.00 á árunum 1914 til 1919 fyrir selt vatnsafl í afrétti (Þjórsá, Tungnaá m. m.) og hefur ávaxtast síðan.

3. gr.

Menningarsjóðurinn ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. $\frac{2}{3}$ ársvaxta falla til útborgunar, en $\frac{1}{3}$ þeirra leggst við höfuðstólinn unz sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —. Eftir þann tíma getur sjóðstjórnin ákveðið að falli allt að $\frac{3}{4}$ vaxta til útborgunar, en $\frac{1}{4}$ þeirra leggst ávallt við höfuðstólinn.

4. gr.

Þeim vöxtum Menningarsjóðs, er falla til útborgunar, er stjórn sjóðsins heimilt að verja til að koma af stað, styrkja eða efla hvers konar andlega eða verklega menningarstarfsemi innan Landmannahrepps. Heimilt er stjórn sjóðsins að draga saman tilfallna vexti um nokkurra ára skeið sé um að ræða fyrirhugaðar stórframkvæmdir í áður nefndu skyni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Kýs hreppsnefnd Landmannahrepps einn að afloknum almennum hreppsnefndarkosningum. Annar skal kosinn af búendum hreppsins á hreppaskilapingi til 3 ára. Sóknarpresturinn í Landprestakalli er sjálfkjörinn og skal hann einnig vera formaður stjórnarinnar sé hann heimilisfastur í hreppnum, annars kýs stjórnin sér formann til 1 árs í senn. Stjórnin heldur minnst einn fund á ári. Skal hún halda gerðabók þar sem hún gerir grein fyrir hverja starfsemi hún styrkir og hvers vegna. Í bókina ritar hún og reikninga sjóðsins árlega.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár og skulu reikningar hans fylgja sveitarreikningi Landmannahrepps til endurskoðunar.